


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 1 af 3	Félagsfræði (FÉLA1MS05) fjarnám Námsáætlun (vorönn 2018)	

Nafn kennara:	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	Sk.stöfun:	HRS
----------------------	---------------------------------	-------------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað er um sjónarhorn, helstu hugtök og vinnuaðferðir greinarinnar. Skoðuð eru áhrif samfélagsins á aðstæður, hugsun og hegðun einstaklinga og hvernig þeir geta haft áhrif á umhverfi sitt. Fjallað er um þróun mannlegra samfélaga, hnattvæðingu og stöðu Íslands meðal þjóða heims og áhrif iðnvæðingar á íslenskt samfélag. Fjallað er um stjórnskipan íslensks samfélags og áhersla lögð á atvinnulíf og stjórnsmál. Lögð er áhersla á að nemandinn verði fær um að taka þátt í samfélagslegum umræðum, lesa fræðilega texta um viðfangsefni áfangans og mynda sér skoðanir á grunni þekkingar og umburðarlyndis gagnvart menningu, trú og skoðunum annarra.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- algengustu hugtökum félagsvísinda
- mótunaröflum einstaklinga
- margbreytileika samfélaga og þróunarsögu þeirra
- áhrifum iðnvæðingar á íslenskt samfélag
- skipulagi íslensks samfélags og Stjórnarskrá íslenska Lýðveldisins
- réttindum og skyldum einstaklingsins gagnvart samfélaginu
- hnattvæðingu
- stöðu Íslands meðal þjóða heims
- högum fjölskyldunnar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa félagsfræðilega texta
- nota félagsfræðileg hugtök til að greina og bera saman aðstæður fólks í mismunandi samfélögum og á mismunandi tímum
- íhuga og ræða eigin hugmyndir og fordóma
- fjalla á gagnrýninn hátt um samfélagsleg málefni líðandi stundar í ræðu og riti

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta upplýsingar og móta sér skoðanir á samfélagsmálum á upplýstan, gagnrýninn og umburðarlyndan hátt
- taka þátt í samræðum um samfélagsmál á vitrænan hátt
- ræða um samfélagsmál af þekkingu og víðsýni
- deila þekkingu sinni með öðrum.


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	Félagsfræði (FÉLA1MS05) fjarnám	Námsáætlun (vorönn 2018)

Námsgögn:

Félagsfræði - Einstaklingur og samfélag eftir Garðar Gíslason 3. útgáfa, 2008 og ýmislegt annað efni sem kennari leggur til.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni/undirbúningur
3	Um félagsfræði og skyldar greinar. 1. kafli, bls. 9-29.	Verkefni skiladagur 21. jan. Gildir 5%
4	Fræðilegar rannsóknaraðferðir 2. kafli, bls. 30-59.	Verkefni skiladagur 28. jan. Rannsókn gildir 10%
5	Einstaklingurinn í samfélaginu. 3. kafli, bls. 50-81.	Verkefni skiladagur 4. feb. Verkefni gildir 5%
6	Menning. 4. kafli, bls. 82-109.	Verkefni skiladagur 11. feb. Skilgreining hugtaka og verkefni. Verkefnið gildir 5%
7	1.- 4. kafli til prófs	Skiladagur 18. feb. Kaflapróf 10%
8	Samfélag. 5. kafli og menning og trú. 6. Kafli, bls. 110-163.	Skiladagur 25. feb. Skilgreining hugtaka Fyrirlestur 15%
9	Fjölskyldan 7. kafli, bls. 164-181.	Skiladagur 4. mars. Skilgreining hugtaka og Verkefni gildir 2.5%
10	Mismunandi sambúðarform. 8. kafli, bls. 182-207.	Skiladagur 11. mars. Skilgreining hugtaka og verkefni gildir 2.5%
11	Vandamál í umhverfi fjölskyldunnar. 9. kafli, bls. 208-227.	Skiladagur 18. mars. Skilgreining hugtaka og verkefni gildir 5%
12 – 14	Stjórnsmál, kosningar og stjórnsmálaflokkar. Áhrifaleiðir í stjórnsmálum, Alþingi, sveitastjórnir og lýðræði. 14.-20. kafli, bls. 285-326. Heimildaverkefni þar sem nemendur þurfa að hafa tilvísanir og heimildaskrá. http://skrif.hi.is/ritver/skraning-heimilda/ http://www.vma.is/is/thjonusta/bokasafn/heimildaskraning	Skiladagur 8. apríl. Skilgreining hugtaka Heimildavinna 15%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Slíða 3 af 3	Félagsfræði (FÉLA1MS05) fjarnám	Námsáætlun (vorönn 2018)

15	Kaflar 5, 7, 8, 9, valið efni úr 14.-20.	Skiladagur 15. apríl. Kaflapróf 10%
16 - 17	Lokaverkefni	Skiladagur 1. maí. Völdu efni gerð ítarleg skil og kynning 15%

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Simat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Kaflapróf	Tvö kaflapróf 2 x 10%	20 %	
Hugtök	Nemendur skilgreina hugtök og verkefni	20 %	
Rannsókn	Nemendur vinna spurningalista og vinna niðurstöður	10 %	
Fyrirlestur og kynning	Nemendur vinna fyrirlestur og kynningu úr völdu efni tengt samfélagsgerðum eða trú.	15 %	
Hugtakort	Nemendur vinna hugtakort úr kafla 9 eða koma með hugmynd að prófspurningum.	5 %	
Heimildavinna	Nemendur vinna verkefni um stjórnsmál með tilvísunum og heimildaskrá	15 %	
Lokaverkefni	Verkefni úr völdu efni	15 %	
	Samtals:	100%	
Annað: Nemendur þurfa að skila öllum námsmatsþáttunum til að ljúka áfanganum.			
Námsvefur VMA (Moodle) er notaður til að halda utan um öll kennslugögn, einkunnir, kennsluáætlun, glærur, verkefnalýsingar og skil á verkefnum			

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf á önninni.

Nemendur vinna verkefni og skila í skilakassa á Moodle í síðasta lagi á sunnudögum ekki síðar en 23:59

Dagsetning: 15. jan '18

Hrafnhildur
Undirritun kennara

Þorsteinn Krüger 22/1/18
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils